

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

Fjarfundur var haldinn á Teams 5. maí 2021 og hófst hann kl. 14:00.

Fundinn sátu f.h. FG: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, Jón Ingi Gíslason og Karl Óttar Pétursson.

F.h. SNS: Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Ellisif Tinna Víðisdóttir, Raket Guðmundsdóttir, Ragna Sigrún Kristjónsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Framkvæmd greinar 4.4.3 Lenging utan sumarorlofstíma. – Málsnr. 2104021SA

FG óskaði eftir fyrirtöku máls er varðar framkvæmd greinar 4.4.3 Lenging utan sumarorlofstíma þegar orlof nokkurra félagsmanna frestaðist vegna veikinda þeirra í sumarorlofi sumarið 2019 og 2020.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd er sammála um að þeir sem urðu veikir í orlofi sumarið 2019 fái lengingu á orlof ef þeir tóku orlof sitt út utan sumarorlofstímabils. Skv. gr. 4.4.1 nær sumarorlofstímabil frá 15. maí til 30. september ár hvert. Lenging á orlof kemur aldrei til ef orlofstaka fer fram á sumarorlofstímabili, óháð því hvaða sumarorlofstímabil er um að ræða, þ.e.a.s. sama ár og veikindi koma upp eða síðar. Framangreint gildir vegna orlofs sem ávannst til og með 30. apríl 2020.

Varðandi orlofsrétt sem varð til eftir 30. apríl 2020 eru aðilar ekki sammála um niðurstöðu.

SNS vill bóka eftirfarandi :

Skv. framangreindri niðurstöðu er samstarfsnefnd sammála um að þeir sem urðu veikir í orlofi sumarið 2019 fái lengingu á orlof ef þeir tóku orlof sitt út utan sumarorlofstímabils. Með kjarasamningi aðila, með gildistíma frá 7. október 2020, var gerð breyting á grein 4.4.3 sem tók gildi 1. maí 2020 og hljóðar ákvæðið svo eftir breytingu:

„Þeir starfsmenn sem samkvæmt skriflegri ósk yfirmanns fá ekki fullt orlof á sumarorlofstímabili, skulu fá 25% lengingu á þeim hluta orlofstímans sem veittur er utan framangreinds tíma.“

Frá og með 1. maí 2020 er rétturinn til lengingar orlofs því bundinn skilyrði um að fram komi skrifleg beiðni frá yfirmanni um að starfsmaður taki hluta orlofs utan sumarorlofstímabils, sbr. grein 4.4.3.

Við ákvörðun um rétt til lengingar orlofs þarf því að gæta að hvort ávinnsla orlofsins hafi átt sér stað fyrir eða eftir 1. maí 2020, hvort skilyrðið um skriflega beiðni yfirmanns eigi við eða ekki og hvort félagsmaður hafi tekið orlof sitt utan eða innan sumarorlofstímabils. Hafi starfsmaður sem var veikur í orlofi fyrir 1. maí 2020 þegar tekið orlof sitt utan sumarorlofstímabilsins og ekki fengið lengingu þarf að leiðrétta það. Sú regla skal viðhöfð að starfsmaður nýtir ávallt elsta orlofið fyrst hvort sem það er tekið innan eða utan sumarorlofstímabils.

2. Önnur mál

FG kynnti mál er varðar ráðningu stundakennara skv. grein 1.3.1. í aðstæðum þar sem félagið telur að viðkomandi eigi rétt til fastráðningar og að vera á föstum mánaðarlaunum.

Niðurstaða:

Málið rætt, afgreiðslu frestað.

Fundi slitið klukkan 15:00.